

# *Ársskýrsla 2006*



# Efnisyfirlit

---

## Ársskýrsla

Ávarp stjórnarformanns.....	1
Ávöxtun.....	2
Iðgjöld og lífeyrir.....	3
Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok.....	4
Fjárfestingarstefna.....	5
Sjóðfélagalán.....	6
Innri málefni sjóðsins og sérstaða.....	7
Séreignardeild.....	8
Breytingar á samþykktum.....	9
Stjórn og starfsmenn.....	10

## Ársreikningur

Áritun endurskoðenda.....	12
Áritun og skýrsla stjórnar.....	13
Yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	15
Efnahagsreikningur .....	16
Sjóðstreymi.....	17
Skýringar.....	18
Deildaskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign.....	24
Deildaskiptur efnahagsreikningur .....	25
Deildaskipt sjóðstreymi.....	26
Kennitölur samtryggingardeildar.....	28
Kennitölur séreignardeilda.....	29

### *Lífeyrissjóður verkfræðinga*

*Engjateigi 9, 105 Reykjavík*

*Kennitala: 430269-4299*

*Sími: 568 8504 - Fax: 568 8834*

*Netfang: [lifsverk@lifsverk.is](mailto:lifsverk@lifsverk.is)*

*Heimasíða: [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is)*

*Umsjón: Guðmundur V. Friðjónsson*

*Prentun: Leturprent*



# Ávarp stjórnarformanns

---

Árið 2006 var Lífeyrissjóði verkfræðinga hagstætt. Þrátt fyrir miklar sviptingar á mörkuðum var ávöxtun flestra eignaflokka góð. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði verulega og komið er gott jafnvægi milli fortíðar- og framtíðarréttinda. Unnt verður að ráðstafa hagnaði til sjóðfélaga á nýjan leik eftir sex ára hlé. Skrifstofuhald sjóðsins verður æ skilvirkara og sjóðfélagar lýsa almennri ánægju með þjónustu starfsmanna.

Raunávöxtun samtryggingardeildar sjóðsins var 9,6%, vel yfir langtíamarkmiðum. Mestu skiluðu erlend hlutabréf, bæði vegna hækkunar á erlendum mörkuðum og lækkunar á gengi krónunnar, en gjaldmiðlavarnir drógu nokkuð úr þeim ávinningi. Innlend hlutabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun. Hins vegar var ávöxtun innlendra markaðsskuldabréf slök vegna verðlækkunar á síðasta fjórðungi ársins. Kom sú lækkun harðast niður á ávöxtun séreignarleiddar 1 sem er að öllu leyti fjárfest í innlendum skuldabréfum, en þess er vænst að niðursveiflan gangi til baka og ávöxtun leiðar 1 verði því góð á árinu 2007. Séreignarleidd 2, blanda innlendra og erlendra hluta- og skuldabréfa, fór vel af stað á fyrsta starfsárinu.

Fjölbreytni fjárfestinga fer vaxandi, horft er til nýrra markaða og nýrra verðbréfaflokka og leitast við að auka sveigjanleika og viðbrögð við breytingum á markaði. Markmiðið er að bæta ávöxtun og draga úr áhrifum niðursveiflna. Jafnframt er leitast við að draga úr áhættu með því að dreifa eignasafninu á marga ólíka eignarflokka og auka hæfni sjóðsins á sviði áhættustýringar og eftirlits með fjárfestingum.

Góð þróun hefur verið í rekstri sjóðsins. Innleiðing öflugsráðgjafkerfis fyrir um tveimur árum og endurskoðun og umbætur og skráning á verkferlum sjóðsins hafa aukið gæði og skilvirkni í bókhaldi sjóðsins þannig að ársreikningur liggur fyrir mun fyrir en áður. Innra eftirlit hefur verið eftt, svo og eftirlit með fjárvörsluáðilum. Lokið var gerð ítarlegrar handbókar um rekstur sjóðsins og innra eftirlit. Unnið hefur verið að gerð handbókar um forsendur og aðferðafræði lífeyrisútreikninga, allt frá stofnun sjóðsins, og er stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á þessu ári.

Síðla árs 2006 var gerð viðhorfskönnun meðal sjóðfélaga um starfsemi og þjónustu sjóðsins, sambærileg við könnun haustið 2002. Sjóðfélagar eru í flestum efnum mjög ánægðir með þjónustu og starfsemi sjóðsins og hefur ánægjan aukist frá því fyrir fjórum árum. Þjónustan er sögð persónuleg og yfirleitt leyst vel úr málum sjóðfélaga. Sem fyrr vega hagstæð sjóðfélagalán þungt meðal þeirra atriða sem talin eru jákvæð fyrir sjóðinn. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í heild sinni á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt breytingar á útlánareglum sjóðsins. Fasteignaverð hefur hækkað um 60% á síðustu þremur árum og hlutfall iðgjaldagreiðslna af lánsupphæð hefur ríflega tvöfaldast frá því lánsupphæðin var fest við byggingarvísitölu. Í ljósi þessa er fjárhæð nýrra lána hækkuð um 50% úr 4,8 mkr. í 7,2 mkr. en lánstíminn stytur úr 35 árum í 25 ár. Fjárhæðin fylgir síðan breytingum á byggingarvísitölu. Breytingarnar hafa að öðru jöfnu lítil áhrif á heildarávöxtun sjóðsins.

Fyrir aðalfundinum liggja tvær tillögur um breytingar á samþykktum. Annars vegar er bætt er inn í grein 4.1 ákvæði um að ráðstafa skuli til séreignarsparnaðar þeim hluta samtryggingariðgjalds sem er umfram 10%, nema sjóðfélagi velji að láta það renna til samtryggingar. Svipað ákvæði var samþykkt á aðalfundi í fyrra en Fjármálaeftirlitið féllst ekki á orðalag þess og tók það því ekki gildi. Hins vegar er lögð til ný grein, 19.6, sem felur í sér hækkun viðmiðs fyrir uppbót á grunnlífeyri frá 80% í 90% af verðtrygðum rétti hjá þeim sem ekki náðu 90% markinu í árslok 2000. Eldri sjóðfélagar innan sjóðsins hafa átt í langvinnnum deilum og málaferlum við sjóðinn um framkvæmd reglna um uppbótina. Málaferli hafa staðið yfir með hléum frá 1997. Í ljós sterkrar stöðu sjóðsins telur stjórn sjóðsins rétt að kanna hvort sjóðfélagar séu reiðubúinir að ná sáttum innan sjóðsins. Stjórnin leggur því til hækkun verðtryggingarhlutfallsins. Þessi sáttaleidd felur í sér að ekki er greitt aftur í tímann. Kostnaður vegna tillögunnar er metinn á um 300 mkr. sem teknar verða af tryggingafræðilegum hagnaði sjóðsins og munu því 1.065 mkr. koma til réttindaaukningar fyrir alla sjóðfélaga samkvæmt ákvæðum samþykktu um hagnaðarúthlutun.

Það er von stjórnar að tillagan verði samþykkt á aðalfundinum og þannig takist að ná sátt milli eldri sjóðfélaga og sjóðsins og setja niður langvinnar deilur. Stjórn samtaka eldri sjóðfélaga hefur lýst yfir eindregnum stuðningi við tillöguna og að hún muni falla frá hugmyndum um frekari málaferli. Þessi laus myndi að mati stjórnar sjóðsins bæta ímynd hans, auðvelda markaðssetningu meðal ungs fólks og létta á stjórnendum sjóðsins sem hafa varið miklum tíma í þessi mál um langt skeið.

Lífeyrissjóður verkfræðinga er um margt ólíkur öðrum lífeyrissjóðum þó að undanfarin ár hafi flestir sjóðir farið inn á þá línu aldurstengds réttindakerfis sem sjóðurinn mótaði fyrir rúmri hálfri öld. Sérstæða sjóðsins er sjóðfélagalýðræðið, háar iðgjaldagreiðslur, lág örorkutíðni, ríkur vilji sjóðfélaga að leita aftur út á vinnumarkaðinn eftir áföll og hagstæð sjóðfélagalán fyrir nýja sjóðfélaga. Lífeyrissjóður verkfræðinga er sterkur sjóður með bjarta framtíð.

Sigurður Áss Grétarsson, formaður.

# Ávöxtun og tryggingafræðileg staða

Árið 2006 var gott ár í ávöxtun samtryggingadeildar sjóðsins. Fjárfestingartekjur voru jákvæðar um 3.815 milljónir króna (mkr.). Mestu skiluðu erlend hlutabréf, bæði vegna hækkunar á erlendum mörkuðum og einnig vegna lækkunar á gengi krónunnar á árinu, en gjaldmiðlavarnir drógu nokkuð úr ávinningnum. Innlend hlutabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun, en innlend markaðsskuldabréf skiluðu slakri ávöxtun vegna hækkunar á ávöxtunarkröfu á síðasta fjórðungi ársins. Ávöxtunarkrafan hækkaði verulega í kjölfar tilkynningar ríkisstjórnarinnar um fyrirhugaða lækkun virðisauka-skatts 1. mars 2007.

Erlend hlutabréf og hlutdeildarskrifteini skiluðu 31,6% ávöxtun á síðasta ári í íslenskum krónum. Árið var nokkuð gott á erlendum hlutabréfamörkuðum en stærsti hluti ávöxtunar stafaði af lækkun íslensku krónunnar um 23,1%, mælt í gengisvísitölu (GVT). Aðrar erlendar eignir skiluðu góðri ávöxtun, sérsníðnar fjárfestingar skiluðu 38% ávöxtun í íslenskum krónum og hlutabréfatengd skuldabréf 27%. Innlend hlutabréf skiluðu yfir 17% ávöxtun en innlend skuldabréf um 10%. Sjóðfélagalán skiluðu 10,8% nafnávöxtun sem svarar til 3,5% raunávöxtunar.

Nafnávöxtun samtryggingardeildar var 17,2% á árinu 2006, raunávöxtun 9,8% og hrein raunávöxtun 9,6%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár er 4,8%.

Hrein eign til greiðslu lífeyris í samtryggingardeild nam 25.870 mkr. í árslok. Til samanburðar var hrein eign í árslok 2005 20.666 mkr. Hækkunin á milli ára er um 25%. Hrein eign hefur hækkað ört síðustu fjögur árin, um tæpa 2,5 milljarða hvort ár 2003 og 2004, um tæpa 4 milljarða árið 2005 og um rúma 5 milljarða árið 2006.

Tryggingafræðilega staða sjóðsins í árslok var mjög góð. Tryggingafræðilegur hagnaður nam 1.365 mkr. eða um 5,6% af áföllnum skuldbindingum. Tryggingafræðileg staða vegna væntra framtíðariðgjalda var einnig jákvæð um 461 mkr., um 1,8% af framtíðarskuldbindingum. Samanlagt er tryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð um 1.826 mkr. eða sem nemur 3,7% af heildarskuldbindingum.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins skal verja tryggingafræðilegum hagnaði, þ.e. hreinni eign umfram áfallnar skuldbindingar, til aukningar áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga.


Tillaga stjórnar fyrir aðalfund árið 2007 gerir ráð fyrir að 1.065 mkr. fari til hækkunar allra réttinda miðað við 31. desember 2006 en um 300 mkr. fari til hækkunar á hlutfalli uppbótar úr 80% í 90% til eldri sjóðfélaga.

## Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar 31.12. 2006

Í milljónum króna


	Áfallið	Framtíð	Heild
Eignir.....	25.872	25.748	51.620
Skuldbind.....	(24.507)	(25.287)	(49.794)
Eign-skuld.....	<b>1.365</b>	<b>461</b>	<b>1.826</b>
% af skuld.....	5,6%	1,8%	3,7%

### Hrein raunávöxtun



### Hrein eign til greiðslu lífeyris

Í milljónum króna



# Iðgjöld og lífeyrir

Iðgjöld til samtryggingardeildar hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Á árinu 2006 námu heildariðgjöld til samtryggingardeildar 1.650 mkr. og var hækkunin 15,4% frá fyrra ári, eða um 220 mkr. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga hefur einnig vaxið stöðugt síðustu ár. Alls fjölgaði virkum sjóðfélögum um 93 á síðasta ári og voru þeir 2.269 í árslok. Meðaliðgjöld á hvern virkan sjóðfélaga voru 727 þúsund krónur.


Þegar litið er til stærðar sjóðsins þá er fjöldi sjóðfélaga ekki góður mælikvarði í samanburði við aðra sjóði. Í raun mætti margfalda fjöldann með tveimur þar sem meðallaun eru mjög há.

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar námu 220 mkr. á síðasta ári og var það aukning um 3,7% frá fyrra ári. Greiðslubyrði sjóðsins eru enn nokkuð lág miðað við aðra sjóði eða tæp 13,5% af iðgjöldum. Það stafar einkum af tvennu, annars vegar helst meðalaldur sjóðfélaga nokkuð lágur vegna nýliðunar og hins vegar er örorkubyrði sjóðsins verulega minni en almennt gerist. Fjöldi lífeyrisþega var 181 á árinu og fjölgaði þeim um 5 frá fyrra ári.


Lífeyrisgreiðslur skiptust þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 75% af heildar lífeyrisgreiðslum, örorkulífeyrir var 11%, makalífeyrir 12% og barnalífeyrir var 2%.

Meðalfjöldi sjóðfélaga, en það er sá fjöldi sem greiddi iðgjöld að jafnaði allt árið 2006, var 2.269, þar af 1.894 karlar og 375 konur. Hlutfall kvenna í sjóðnum hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Árið 2001 var hlutfall kvenna 13,3% af meðalfjölda sjóðfélaga en var komið upp í 16,5% árið 2006.


**Meðalfjöldi sjóðfélaga**  
Eftir kynjum



**Iðgjöld**  
Í milljónum króna



**Lífeyrisgreiðslur**  
Í milljónum króna



# Fjárfestingar ársins og verðbréfaeign í árslok

## Fjárfestingar ársins

Fjárfestingarþörf sjóðsins var um 3.400 mkr. á síðasta ári. Þá eru ekki talin með kaup og sala eignastýringaraðila heldur aðeins nýir fjármunir í formi iðgjalda, afborgana og vaxta af skuldabréfum og sölu verðbréfa, sem ekki voru í stýringu, að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði.

Af nýjum fjármunum var fjárfest mest í erlendum hlutabréfum eða fyrir 1.310 mkr. eða um 39% af heildar fjárfestingum sjóðsins. Þessi eignarflokkur skilaði bestri ávöxtun á síðasta ári eða yfir 30% nafnávöxtun. Tæpum 800 mkr. var varið í erlend skuldabréfakaup sem að stærstum hluta var skipt yfir í íslenskar krónur með vaxtaskiptasamningi. Um 740 mkr. var fjárfest í innlendum skuldabréfum. Tæpum 400 mkr. var varið í innlend hlutabréfakaup, þar af var fjárfest fyrir um 150 mkr. í vísitölusafni innlendra hlutabréfa, keypt voru hlutabréf í Exista fyrir 160 mkr. og endurfjárfest var fyrir um 80 mkr. sem sjóðurinn fékk í arðgreiðslur af innlendum hlutabréfum á síðasta ári.


Bankainnstæður hækkuðu um 178 mkr. Þar af hækkuðu ný sjóðfélagalán sem afgreidd voru hjá SPRON um 269 mkr., lausafé erlendra fjárfestingaraðila lækkaði um 126 mkr., en hækkan á handbæru fé sjóðsins nam um 35 mkr.

## Verðbréfaeign í árslok


Alls nam verðbréfaeign samtryggingardeildar að viðbættum bankainnstæðum 25,6 milljörðum króna í lok síðasta árs. Verðbréfasamsetning sjóðsins sveigði í tveimur meginatriðum frá fjárfestingarstefnu ársins: Erlend hlutabréfaeign jókst meira en fjárfestingarstefnan sagði til um, m.a. vegna fjárfestingar í erlendum hlutabréfum og af völdum mikillar hækkunar sem varð á eignasafninu vegna ávöxtunar og gengislækkunar krónunnar. Hins vegar dró nokkuð úr vægi innlendra skuldabréfa en afborganir voru nokkru meiri en nam endurfjárfestingum í innlendum skuldabréfum.

Bankainnstæður voru um 2,4% af eignum sjóðsins í lok ársins. Eldri sjóðfélagalán voru 15%, en hluti bankainnstæðna eru ný sjóðfélagalán sem afgreidd eru hjá SPRON þar sem sjóðurinn leggur sömu fjárhæð inn á bankabók og SPRON greiðir út í ný lán. Ný sjóðfélagalán flokkast þannig meðal bankainnstæðna í bókhaldi sjóðsins. Innlend skuldabréf voru 24% og hlutabréfatengd skuldabréf 8%. Innlend hlutabréf námu 13,5% af heildarverðbréfaeign sjóðsins í árslok, erlend skuldabréf 6,6% og erlend hlutabréf 27%. Sérniðnar fjárfestingar, sem eru fjárfestingar í framtakssjóðum, vögunarsjóðum og millilagsskuldabréfum, námu 2,4% af verðbréfaeign sjóðsins í árslok.

Nýjar fjárfestingar 2006



Verðbréfaeign í árslok 2006





# Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2007 er sem hér segir:

- Bankareikningar..... 4%
- Sjóðfélagalán..... 15%
- Innlend skuldabréf..... 23%
- Hlutabréfatengd skuldabréf.... 8%
- Innlend hlutabréf..... 15%
- Erlend skuldabréf..... 6%
- Erlend hlutabréf..... 27%
- Sérniðnar fjárfestingar ..... 2%

Vikmörk hvers verðbréfaflokks eru yfirleitt um 5% í hvora átt. Fjárfestingarstefnan skal rúmast innan ákvæða 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóða um hámark fjárfestingar í einstökum tegundum eða flokkum verðbréfa eða bréfum útgefnum af sama útgefanda.

Safnið skiptist í tvo meginhluta eftir seljanleika á markaði:

1) Auðseljanleg markaðsverðbréf sem eru skráð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði. Markaðs-skuldabréf eru færð á framreiknaðri kaupkröfu en önnur markaðsverðbréf eru færð á markaðsvirði í bókum sjóðsins. Öllum þessum bréfum er skipað í eignasöfn eftir verðbréfaflokkum. Sjóðurinn hefur samið við innlend og erlend fjármálafyrirtæki um stýringu safnanna. Innlendir og erlendir verðbréfavísitölur eru notaðar sem viðmiðun og stefnt er að því að flökt ávöxtunar safnanna sé áþekkt og viðmiðunarvísitalna.


2) Verðbréf sem lítil eða engin viðskipti eru með á markaði, annaðhvort vegna þess að þau eru ekki skráð eða að eftirmarkaður hefur ekki myndast. Þessi verðbréf eru í vörslu sjóðsins. Þau eru færð á framreiknuðu kaupverði eða nafnverði í bókum sjóðsins. Að langstærstum hluta er um að ræða skuldabréf og er almennt reiknað með því að eiga þau fram að gjalddaga. Einu hlutabréfin í þessum flokki eru bréf hlutafélaga sem sinna þjónustuverkefnum fyrir lífeyrissjóðinn. Ekki er tekið mið af vísitölum við greiningu á ávöxtun bréfanna og eðli málsins samkvæmt er lítið eða ekkert flökt í ávöxtun þeirra bréfa sem ekki hafa skráð markaðsvirði.

Sjóðurinn hefur ekki sett sérstakt markmið um fjárfestingar í erlendum gjaldmiðlum og mega þær því fara upp að leyfilegu hámarki að lögum, þ.e. 50% af heildareignum í upphafi árs, ef þær þjóna að öðru leyti markmiðum sjóðsins. Sjóðurinn hefur á hinn bóginn samið við tvo íslenska banka um ráðgjöf og aðgerðir til að draga úr áhættu af gjaldmiðlaþætti erlendra eigna.

Stjórnendur sjóðsins sjá um eignastýringu með vísitölufurðum, þar sem aðallega er horft til breytinga á gengi krónunnar og þróunar á innlendum hlutabréfa- og skuldabréfamarkaði.

Stjórn sjóðsins hefur tekið virkan þátt í mótun og framkvæmd fjárfestingarstefnu sjóðsins að undanfögnu. Haldnir voru þrjú fjárfestingarfundir með stjórninni á síðasta ári, til viðbótar við almenna stjórnarfundir. Formaður og varaformaður stjórnar, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sjóðsins sitja í fjárfestingarráði sem kemur saman reglulega til þess að fara yfir fjárfestingarmál.

Fjárfestingarstefna 2007



# Sjóðfélagalán

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) sér um afgreiðslu nýrra sjóðfélagalána fyrir Lífeyrissjóð verkfræðinga. SPRON lánar til sjóðfélaga og sjóðurinn fjármagnar lánveitinguna með því að greiða lánsfjárhæðina inn á bankareikning í SPRON. Ný sjóðfélagalán flokkast því með bankainnstæðum í ársreikningi sjóðsins.

Með samstarfinu við SPRON opnast nýir möguleikar til fjármögnunar íbúðarhúsnæðis fyrir sjóðfélaga. Auk þess að taka hámarks sjóðfélagalán, á 3,5% vöxtum, geta sjóðfélagar tekið íbúðarlán hjá SPRON á þeim kjörum sem SPRON býður. Þessir tveir kostir saman lækka meðalvaxtakostnað umtalsvert. Saman geta bæði lánin verið allt að 75% af virði eignar.

SPRON afgreiddi 86 ný sjóðfélagalán á síðasta ári fyrir um 320 mkr. Til samanburðar voru afgreidd 118 lán á árinu 2005 fyrir um 295 mkr.

Heildarfjárhæð sjóðfélagalána var 4.291 mkr. í árslok 2006. Þar af voru eldri lán 3.872 mkr. 2006 og útistandandi ný lán hjá SPRON námu 419 mkr. Sjóðfélagalán hafa minnkað verulega í hlutfalli af hreinni eign sjóðsins. Árið 2001 voru sjóðfélagalán 28% af hreinni eign en voru í árslok 2006 tæp 17% að nýjum sjóðfélagalánum SPRON meðtöldum.

Á aðalfundi 2007 mun stjórn sjóðsins kynna nýjar útlánareglur vegna sjóðfélagalána. Lánsfjárhæð verður hækkuð um 50% úr rúmum 4,8 mkr. í rúmar 7,2 mkr. og hámarkslánstími verður stytur úr 35 árum í 25 ár. Nánar verður fjallað um nýjar lánareglur á heimasíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

## Lánareglur sjóðsins

Sjóðfélagar öðlast lánsrétt eftir að hafa greitt iðgjöld til sjóðsins í 6 mánuði.

Hámarkslán í mars 2007 er kr. 4.831 þús. og breytist lánsfjárhæðin í samræmi við breytingu á byggingarvísitölu. Hver sjóðfélagi á rétt á einu láni en getur þó tekið hluta lánsfjárhæðar og geymt þannig hluta lánsréttar til síðari tíma.

Lánstími er í mars 2007 að hámarki 35 ár og eru vextir breytilegir, nú 3,5% en stjórn sjóðsins er heimilt að hækka vextina í 5%. Lán er bundið sjóðfélaganum og getur hann ekki selt það frá sér með fasteign. Hætti sjóðfélagi að greiða iðgjald til sjóðsins, áður en hann hefur töku lífeyris hjá sjóðnum, er sjóðnum heimilt að hækka vextina í 5%.


Sjóðfélagalánin eru tryggð með veði í fasteign og þurfa þau að rúmast innan 75% af markaðsvirði viðkomandi fasteignar og jafnframt er nauðsynlegt að brunabótamat eignarinnar sé herra en eftirstöðvar áhvílandi lána.

Lántökugjald er 1%. Stimpilgjald er 1,5% sem rennur í rikissjóð. Sjóðfélagar greiða allan kostnað vegna innheimtu, veðflutnings, veðleyfis og annarrar skjalagerðar.

SPRON hefur séð um afgreiðslu nýrra sjóðfélagalána frá september 2005.


## Ný sjóðfélagalán

Í milljónum króna



## Fjárhæð sjóðfélagalána

Í milljónum króna



# Innri málefni og sérstaða

---

## Innri málefni sjóðsins

Lífeyrissjóður verkfræðinga hóf að skrá inn allar verðbréfhreyfingar, vegna eigin verðbréfaumsýslu og umsýslu fjárvörslu- og eignarstýringaraðila, fyrir um tveimur árum. Að auki hafa innri ferlar sjóðsins verið endurskoðaðir og bættir. Þessar breytingar hafa aukið gæði og skilvirkni í bókhaldi sjóðsins þannig að ársreikningur er tilbúinn mun fyrr en áður. Gengi séreignardeilda er reiknað vikulega og fjárfestingar fyrir séreignardeildir eru framkvæmdar einu sinni í viku. Einnig er eftirlit með fjárvörsluáðilum mun skilvirkara nú en áður.

Sjóðurinn hefur lokið við gerð innri eftirlitshandbókar sem inniheldur lýsingar á helstu verkferlum sjóðsins, skipuriti, starfslýsingum o.fl. Einnig er í vinnslu handbók með lýsingum á verkferlum allra starfsmanna. Að auki er í vinnslu öryggishandbók með lýsingum á helstu öryggisþáttum sjóðsins, hvernig bregðast skuli við hættum og hvernig farið skuli með persónuupplýsingar. Öryggishandbókin er skrifuð eftir tilmælum FME og Persónuverndar.

Fjárfestingar sjóðsins eru stöðugt í endurskoðun. Um 40% af verðbréfaeign sjóðsins eru í stýringu hjá innlendum og erlendum eignastýringarfyrirtækjum. Nýfjárfestingaþörf sjóðsins er um 3,5 milljarðar á ári en það eru iðgjaldgreiðslur, afborganir og vaxtagreiðslur af skuldabréfum að frádregnum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði sjóðsins. Þessum fjármunum er stýrt hjá sjóðnum samkvæmt fjárfestingarstefnu. Formaður og varaformaður stjórnar sjóðsins, framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sitja í fjárfestingarráði sem kemur saman reglulega og ræðir fjárfestingarmál.

Lífeyrissjóður verkfræðinga lét framkvæma viðhorfskönnun á meðal sjóðfélaga um starfsemi og þjónustu sjóðsins. Könnunin var gerð í nóvember 2006 en sambærileg könnun var gerð, af sama aðila, í október 2002. Samkvæmt könnuninni tengist ímynd sjóðsins einkum lánnum og hinum hagstæðu lánakjörum sem sjóðurinn veitir. Traust og velvilji eru einnig meðal jákvæðra þátta. Niðurstöður könnunarinnar eru birtar á heimasíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

Lífeyrissjóður verkfræðinga var stofnaður haustið 1954. Í samanburði við aðra lífeyrissjóði hefur sjóðurinn nokkra sérstöðu.

## Aldurstengt réttindakerfi

Sjóðurinn hefur notað aldurstengt réttindakerfi frá upphafi og var lengst af eini sjóðurinn sem notaði það. Á síðustu misserum hafa nær allir lífeyrissjóðir tekið það upp.

## Sjóðfélagalýðræði

Sjóðfélagar kjósa stjórn sjóðsins. Allir sjóðfélagar sem mæta á aðalfund hafa atkvæðisrétt og allir sjóðfélagar eru kjörgengir. Í flestum öðrum sjóðum tilnefna vinnuveitendur helming stjórnarmanna en stéttarfélög kjósa eða tilnefna hinn helminginn.

## Lágir lánavextir

Frá upphafi hefur sjóðurinn veitt sjóðfélögum hagstæð húsnæðislán. Í 20 ár hefur sjóðurinn veitt sjóðfélögum veðlán með 3,5% raunvöxtum.

## Ákjósanlegur sjóðfélagahópur

Sjóðfélagahópur sjóðsins er ákjósanlega samsettur, sérstaklega hvað varðar örorkulíkur, og ætti það að skila sér til lengdar í auknum hagnaði sem úthlutað er til sjóðfélaga í formi aukinna réttinda.

## Góð menntun

Sjóðfélagar eru háskólamenntaðir og vinna að mestu leyti störf sem reyna fremur á huga en hönd, með minni slyshættu og mun minna líkamlegu sliti en almennt gerist. Örorkulíkur eru með því lægsta sem gerist meðal lífeyrissjóða.

## Góð laun

Sjóðfélagar eru almennt vel launaðir og stunda eftirsóknarverð störf. Hvatinn er því mikill að fara að nýju út á vinnumarkaðinn eftir að þeir hafa orðið fyrir tímabundinni skerðingu á starfsgetu.

# Séreignardeildir

Í byrjun árs 2006 fjölgaði sjóðurinn sparnaðarleiðum fyrir séreign úr einni í tvær. Áður var einungis boðið upp á séreignarsparnað í innlendum skuldabréfum. Nýja leiðin er blanda af skuldabréfum og hlutabréfum. Samið hefur verið við SPRON um eignastýringu og vörslu beggja leiða og er einungis fjárfest í verðbréfasjóðum SPRON.


Í janúar 2006 hóf sjóðurinn að ráðstafa þeim hluta samtryggingariðgjalda sem er umfram 10% í séreignarsparnað sjóðfélaga. Þessi aðgerð var kynnt sjóðfélögum ítarlega í fréttabréfi sjóðsins. Sjóðfélögum var gefinn kostur á því að breyta þeirri stýringu til baka í samtryggingardeild eða í séreignarleið 2. Í janúar 2007 hækkaði mótframlag atvinnurekenda almennt og þar með hækkaði umframframlagið sem ráðstafað er í séreignarsparnað.

## Sparnaðarleið 1 (S1)

Fjárfest er í íslenskum skuldabréfum traustra fyrirtækja, fjármálastofnana, sveitarfélaga eða með ábyrgð ríkissjóðs, einkum verðtryggðum, en hlutfall óverðtryggðra eigna ræðst af vaxtastigi og verðbólguhorfum. Í árslok 2006 var samsetning sjóðsins þannig að helmingur skuldabréfa var í stuttum skuldabréfasjóði, 24% í löngum skuldabréfasjóði og um 23% í ríkisskuldabréfum.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 1 var 8,5% á árinu 2006, en hrein raunávöxtun var 1,5%. Ástæða slakrar raunávöxtunar var hækkun á ávöxtunarkröfu á síðasta ársfjórðungi ársins. Innri vextir leiðar 1 eru fyrir vikið mjög háir eða 7,5% raunvextir í lok árs. Iðgjöld námu 283 mkr. sem er 73% hækkun frá síðasta ári. Mikil aukning iðgjalda stafar af ráðstöfun umframframlags til samtryggingardeildar í séreign. Lífeyrisgreiðslur námu 5,4 mkr. og hrein eign til greiðslu lífeyris var 1.400 mkr. í árslok.

Hrein raunávöxtun




## Sparnaðarleið 2 (S2)

Fjárfest er í innlendum og erlendum hluta- og skuldabréfum. Hlutfall hlutabréfa er á bilinu 30%-60% samkvæmt fjárfestingarstefnu. Innlend skuldabréf verða valin með sama hætti og í leið 1. Innlend hlutabréf verða í safni sem leitast við að fylgja Úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Erlend hluta- og skuldabréf verða í dreifðum eignasöfnum með það að markmiði að draga úr áhættu sem fylgir ákveðnum landsvæðum eða atvinnugreinum. Í árslok 2006 var samsetning sjóðsins þannig að 13% voru í stuttum skuldabréfasjóði, 32% í peningamarkaðssjóði, 27% í innlendum hlutabréfum og 28% í erlendum hlutabréfum.

Nafnávöxtun séreignarleiðar 2 var 13,6%, umreiknað til ársávöxtunar þar sem leiðin fór ekki af stað fyrr en í mars 2006, og hrein raunávöxtun var 6,2%. Iðgjöld námu 36 mkr. á fyrsta starfsári leiðarinnar en ekkert var greitt í lífeyri. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok var 38 mkr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Í milljónum króna



# Breytingar á samþykktum

---

Á aðalfundi 2007 leggur stjórn sjóðsins til breytingar á grein 4.1 í samþykktum sjóðsins og að nýrri grein verði bætt inn, grein 19.6.

## 1) Breyting á grein 4,1

Breytingin á grein 4.1 lýtur að því að heimila sjóðnum að færa iðgjald sem er umfram lágmarkstryggingavernd, sem er 10%, í séreign viðkomandi sjóðfélaga. Breytingin felst í því að nýrri setningu er bætt inn í grein 4.1 (feitletruð).

### **Grein 4.1**

Iðgjöld sjóðfélaga skulu að lágmarki vera þau sem kveðið er á um í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á hverjum tíma. Til samtryggingardeildar skal renna að lágmarki 10% iðgjald til að standa undir þeirri lágmarkstryggingavernd sem kveðið er á um í lögum á hverjum tíma og sem sjóðurinn veitir. **Sá hluti iðgjalds sjóðfélaga sem berst sjóðnum og er umfram það iðgjald sem þarf til að standa undir lágmarkstryggingavernd skal renna í séreign en óski sjóðfélagi þess skal allt iðgjald hans renna til samtryggingar.** Iðgjaldsstofn sjóðfélaga vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal að lágmarki vera jafn hár fjárhæð reiknaðs iðgjalds skv. viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra hverju sinni.

### **Rökstuðningur:**

Svipað ákvæði var samþykkt á síðasta aðalfundi en Fjármálaeftirlitið féllst ekki á orðalag þess og tók það því ekki gildi. Núna hefur orðalaginu verið breytt og hefur Fjármálaeftirlitið fallist á það.

## 2) Ný grein 19,6

Þessari grein er ætlað að auka réttindi eldri sjóðfélaga úr 80% verðtryggingu, eins og kveðið er á um í samþykktum sjóðsins, í 90%. Breytingin verður ekki afturvirk heldur gildir frá 1. júlí 2007 ef hún verður samþykkt á aðalfundi.

### **Grein 19,6**

Þann 1. júlí 2007 skulu grunnréttindi sjóðfélaga samkvæmt greinum 19.2 og 19.3, sem ekki náðu tilteknu lágmarki 31. desember 2000 af þeim réttindum sem full verðtrygging iðgjalda hefði veitt, aukin eftir ákvæðum greinar þessarar.

Reynist þessi grunnréttindi sjóðfélaga lægri en 90% af þeim réttindum sem iðgjöld sjóðfélagans sem greidd hafa verið til sjóðsins fyrir árslok 2000 hefðu veitt samkvæmt réttindatöflum sjóðsins í þágildandi grein 6.10 skulu þau aukin sem hér segir:

Fyrir hvern sjóðfélag sem undir þessi ákvæði fellur er fundið það eingreiðsluiðgjald samkvæmt töflu IV í grein 6.10 sem í gildi var í árslok 2000 sem þarf til að ná 90% markinu m.v. 31. des. 2000. Skal sú fjárhæð, verðbætt til 1. júlí 2007 en síðan lækkuð um 5%, sbr. grein 19.5, skráð sem réttindafærsla viðkomandi sjóðfélaga sem taki gildi þann 1. júlí 2007.

### **Rökstuðningur:**

#### Langvinnum deilum innan sjóðsins lýkur

Stjórnin væntir þess að með þessari tillögu takist að ná sátt milli eldri sjóðfélaga og sjóðsins og að áralangar deilur verði með þessum hætti settar niður. Stjórn samtaka eldri sjóðfélaga hefur lýst eindregnum stuðningi við tillöguna og mun falla frá hugmyndum um frekari málaferli. Þessi lausn léttir á stjórnendum sjóðsins, en drjúgur tími hefur farið í þessi mál.

#### Bætir ímynd sjóðsins

Að mati stjórnar sjóðsins er jákvætt fyrir ímynd sjóðsins að ná sátt við eldri félag. Auðveldara verður að markaðssetja sjóðinn meðal ungs fólks þegar umræðan um málaferli og deilur er að baki.

#### Tryggingafræðilegur hagnaður 1.365 mkr.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins ber að ráðstafa hagnaði, þ.e. eign umfram áunnin réttindi, til að auka réttindi sjóðfélaga. Því eru 1.365 mkr. til ráðstöfunar samkvæmt matinu. Rúmum fimmtungi, um 300 mkr., yrði ráðstafað til að hækka uppbót úr 80% í 90% en um 1.065 mkr. yrði varið til að auka réttindi allra sjóðfélaga samkvæmt reglum um hagnaðarúthlutun.

#### Lág fjárhæð í hlutfalli við eignir sjóðsins

Kostnaður við hækkun uppbótar úr 80% í 90% hefur verið reiknaður út m.v. sl. áramót. Áætlað er að kostnaður verði um 300 milljónir við hækkun réttinda 1. júlí nk. Þetta eru um 1,2% af núverandi eignum samtryggingardeildar og um 0,6% af heildarskuldbindingum. Í tryggingafræðilegu uppgjöri í árslok 1999 var 90% reglan talin kosta um 2,4% af eignum samtryggingardeildar á þeim tíma og um 1,2% af heildarskuldbindingum.

# Stjórn og starfsmenn

---

## Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og þremur til vara. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn í kjöri á aðalfundi og einn varamaður en þriðja hvert ár er einn aðalmaður í kjöri og einn til vara. Á síðasta aðalfundi voru Sigurður Áss Grétarsson og Björn Z. Ásgrímsson endurkjörnir í stjórn sjóðsins. Tveir nýir varamenn voru kosnir í stjórn þeir Kristján M. Ólafsson og Lúðvík Friðriksson. Á aðalfundi í mars 2007 hefur Þórir Guðmundsson lokið kjörtímabili sínu í aðalstjórn og Magnús Bjarnason í varastjórn.

Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):

Sigurður Áss Grétarsson, formaður (2009)

Björn Z. Ásgrímsson, varaformaður (2009)

Þórir Guðmundsson (2007)

